

Alþingi

Erindi nr. B 121/59

komudagur 8/11 1996

Félag úthafsútgerða

Snorri Snorrason, form.

Dalvík.

Sími 466 1352.

Fax 466 1348.

7. nóvember 1996.

Sjávarútvegsnefnd Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Frumvarp um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Félag úthafsútgerða álitur að Alþingi eigi að taka sér mjög góðan tíma til undirbúnings nýrra laga um úthafsveiðar og vanda beri gerð þeirra eins og kostur er. Það lagafrumvarp, sem lagt hefur verið fram er verulega gallað og margar greinar þess eru ótímabærar.


Varðandi álit félagsins vísuð við aðallega til hjálagðra athugasemda við frumvarpið og einstakar greinar þess, en ítrekum hér nokkur atriði, sem miklu máli skipta:

1. Úthafsveiðisáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur ekki tekið gildi og mörg ár munu líða fram að gildistöku hans, þannig að nægur tími er til stefnu.
2. Það er íslenskum útgerðum og sjómönnum í hag að menn flýti sér hægt með nýja lagasetningu, sem setur takmarkanir á sókn íslenskra skipa við úthafsveiðar.
3. Frumvarpið, ef að lögum verður, mun skerða verulega athafnafrelsi og torvelða allt frumkvæði í mikilvægasta atvinnuvegi þjóðarinnar og gera úthafsveiðar síður eftirsóknarverðar.
4. Lög um úthafsveiðar frá 1976 eru fullnægjandi lagarammi á meðan vandaður undirbúningur nýrrar löggjafar fer fram.
5. Valdframsal Alþingis til framkvæmdavaldsins er óhæfilegt og andstætt stjórnarskrá. Einkum eru ákvæði í 3. og 4. gr. varhugaverð. Þar er gert ráð fyrir því að ráðherra fái nánast ótakmarkað vald til að setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan landhelgi og jafnvel að veita samþykktum erlendra stofnana lagagildi hér á landi.
6. Með 5. og 6. gr. frv. er verið að yfirfæra núverandi kvótakerfi innan efnahagslögsögunnar yfir á öll úthöf.
7. Í frv. er gert ráð fyrir því, að úthafsútgerðum verði refsað með sérstakri kvótaskerðingu.
8. Afnema þarf ákvæði um óbærilegan kostnað útgerða við eftirlitsmenn um borð.

Þá vísuð við til hjálagðs eintaks af Fiskifrétum 1/11 sl. bls. 6-9 og bls. 13-15, sem fjallar um úthafsveiðar Íslendinga frá ýmsum athyglisverðum sjónarhornum.

Að endingu viljum við láta þess getið, að nánari greinargerð félagsins um úthafsveiðifrumvarpið er í vinnslu. Mun hún send sjávarútvegsnefnd eins fljótt og kostur er.

Með vinsemi og virðingu
Félag úthafsútgerða



Athugasemdir við frumvarp tii laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lagt fram á Alþingi í október 1996.

Hér á eftir verður fyrst og fremst fjallað um meginatriði frumvarpsins og þá augljósu ágalla sem þar er að finna, en ekki rætt um útfærsluatriði svo sem prósentuskiptingu kvóta á úthafinu eða afsal aflaheimilda.

Í meginatriðum eru þessir helstu gallar frumvarpsins:

1. Með frumvarpinu er verulega skert athafnafrelsi íslenskra skipa á úthafinu og óeðlilega mikið vald fengið sjávarútvegsráðuneyti til að beita þar boðum og bönum sem jaðrar við brot á almennum þjóðréttarreglum. Þetta er því alvarlegra sem hér er um helsta vaxtarbrodd íslensks sjávarútvegs að ræða. Meginatriði frumvarpsins er í raun það að allt sé bannað sem ráðherra ekki beinlínis leyfir utan lögsögu Íslands. Þessi grunnhugsun er bæði röng og stjórnskipulega mjög varhugaverð. (vegna atvinnufrelsis).

2. Með frumvarpinu er verið að yfirfæra regiur núverandi kvótakerfis í efnahagslögsögunni yfir á úthafið. Sú gjörð er mjög varhugaverð í ljósi þeirra deilna sem um kvótakerfið hafa staðið og fullkomlega ástæðulaust að taka upp sama kerfi utan íslenskra lögsögumarka. Hér er með ofstjórn verið að hefta framtak og frjálsræði íslenskra útgerða á alþjóðlegum hafsvæðum - hvar sem er í heiminum !

3. Það ákvæði 2. gr. að ráðherra veiti leyfi til veiða íslenskra skipa á úthafinu og fiskveiðar þeirra þar séu óheimilar án síkra leyfa brýtur gegn efni og anda 87. gr. Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um frelsi til veiða á úthafinu. Ísland er bundið af ákvæðum sáttmálans.

Það er stjórnskipulega afar hæpið að ráðherra sé fengið vald til þess að takmarka svo skilyrðislaust með reglugerðum atvinnufrelsi íslenskra ríkisborgara hvar sem er í heiminum.

Nánar um einstakar greinar.

Í sjálfu sér eru nægar lagaheimildir fyrir hendi í l. nr. 34/1996 til þess að stjórna veiðum utan fiskveiðilandhelgi Íslands. 1. gr. laganna veitir slíkar heimildir. 2. gr. laganna er hinsvegar óljós og getur veitt ráðherra heimildir til óeðlilegra afskipta og er því út af fyrir sig nauðsynlegt að gera hana skýrari.

Miðað við að ný lög verði sett, svo sem hér virðist stefnt að, þá er það höfuðatriðið að þau verði stutt og ljós og innihaldi aðeins meginreglur. 5.-10. gr. frumvarpsins eiga þar alls ekki heima. Þar er fjallað um atriði sem eiga heima í reglugerð en alls ekki í lögum, að undanskilinni 1. mgr. 5. gr.

Um 3. gr.

Hér ætti að standa skyidur Íslands skv. alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki. Í frumv. er sífellt klifað á "lifandi" auðlindum hafsins. Þetta er hortittur sem ber að fella brott.

Um 4. gr.

Óþarft og óeðlilegt er að binda veiðar utan lögsögunnar "takmörkunum sem leiða af lögum og reglum settum með stoð í þeim". Frumvarpið sjálft mun veita hér næga lagaheimild og þá síðari lög sem sett kunna að verða. Nægilegt er að segja að veiðar séu heimilar ísl. skipum utan lögsögunnar "með þeim takmörkunum sem leiða af samningum Íslands við önnur ríki". Með því er tryggt að ráðherra getur ekki þeim til viðbótar sett íþyngjandi reglur um slíkar veiðar að eigin geðþótta eins og frumvarpið nú heimilar.

Önnur setning 4. gr. er óhæf í núverandi mynd, og felur í sér gjörsamlega óþarfa takmörkun á atvinnufrelsinu sem er stjórnarskrárvarið. Hér ætti að standa í staðinn: "Ráðherra veitir leyfi til veiða íslenskra skipa á úthafinu þegar slík leyfisveiting er nauðsynleg vegna samninga Íslands við önnur ríki." Fella ætti alveg út framhaldlið um að fiskveiðar séu óheimilar án slíkra leyfa. Það segir sig sjálft og er óþarft.

Síðasta málsgrein 4. gr. er eðli málsins samkvæmt algjörlega óþörf. Yfirvöld erlendra ríkja eru fullfær um að framfylgja sínum lögum án aðstoðar íslenska sjárvarútvegsráðuneytisins.

Um 5. gr.

Þessi ákvæði hljóta að vera mjög umdeild og eiga heima í reglugerð en ekki í lögum. Kvótakerfið er hér fært yfir á úthafið. Spyrja mætti reyndar hvort ekki væri eðlilegt að skip með lítinn kvóta innan lögsögunnar fengju meiri kvóta í sinn hlut en þeir sem þegar ráða yfir stórum kvótum úr þeim sömu fiskistofnum sem hér um ræðir.

Um 6. gr.

Aðeins 1. mgr. ætti að vera í lögum. Annað er reglugerðaratriði og kemur hér aftur upp spurningin, sem er pólitískis eðlis, hvort yfirfæra eigi kvótakerfið í núverandi mynd á úthafsveiðar þegar ekki er um flökkustofna að ræða eða miða fremur við almennt sóknarkerfi.

Síðasta mgr. 6. gr. veitir ráðherra óeðlilega mikið vald til skerðingar atvinnufrelsisins og ætti að falla brott.

Um 7. gr.

Fráleitt er að veita ráðherra svo opna heimild sem hér um ræðir til að mæla fyrir um veiðarfæri ísl. skipa hvar sem er í heiminum. Hér nægir að veita ráðherra heimild til að setja reglur um veiðarfæri sem eru í samræmi við ákvæði þeirra samninga við önnur ríki sem Ísland er aðili að. Að öðru leyti á íslenskum skipum að vera heimilt að nota þau veiðarfæri sem þau kjósa og best henta hverju sinni. Enn er hér reynt að hefta athafnafrelsi ísl. ríkisborgara fullkomlega að ástæðulausu.

Um 8. gr.

Enn er þessi grein allt of víðtæk. Af hverju á að heimila effirlitsmenn um borð í skipum við veiðar t.d. við Afríku eða Asíulönd og skylda útgerðina til að bera af því kostnað? Nær væri að þrengja heimildina við tilvik þar sem þess er krafist vegna samninga Íslands við önnur ríki. Af sömu ástæðum er 9. grein óþörf.

Um 10. gr.

Enn er bannárátta ráðuneytis hér í algleymingi. Í 1. mgr. ætti að standa að heimilt væri að landa afla erlendra skipa í íslenskum höfnum nema veiðarnar brjóti í bága við samninga. Hér vantar og skilgreiningu á "hentifána". Í 2. mgr. er ráðherra veitt vald til þess að ákveða almennt löndunarbann erl. skipa vegna veiða þeirra á úthafinu sem ekki brjóta í bága við samninga sem Ísland er aðili að. Þjónar slíkt bann íslenskum hagsmunum?

Um 11. gr.

2. mál. 11. gr. er í andstöðu við gildandi þjóðarétt sem meinar afskipti af erlendum skipum á úthafinu á þennan hátt.